

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á breytingu á samþykkt fyrir
Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra.

Samkvæmt lögum nr. 58 30. apríl 1973 um breytingu á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, sem staðfest var af ráðuneytinu 2. apríl 1971.

1. gr. samþykktar félagsins breytist þannig, að í staðinn fyrir „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, skammstafað B. S. A. B.“, kemur „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélagið Aðalból, skammstafað B. S. A. B.“.

Staðfest 1. febrúar 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði
og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

5. gr. 5. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar, veitt lyf-sölum leyfi til þess að versla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa, t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð. Slík leyfi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu. Ákvæði b- og c-stafliða 3. málsg. eiga ekki við um lyfjabúðir sem fengið hafa slík söluleyfi, sbr. og 17. gr. stafliður f í reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.